Af Hyndlu:

Lógi hét kongr í Rogalandi, hann átti ~~drottningu~~ Álfeiði dóttur Dags kgs og Dýrlaugar drottningar; þau áttu dóttur er Signý hét. Álfheiðr drottning dó og syrgði kgr hana mikið. Innan skamms fengu ~~þá hirðmenn~~ létti hún svo harma sinna að hann sendi menn sína af stað að biðja Hlaðgerðar dóttur Gunnars kgs af Gautalöndum. Kgsmenn villtust allt sumarið, og komu loksins að ókunnu landi; þar undir einu fjalli sáu þeir ~~fagran bæ~~ lítinn bæ, og fagra konu; hún ~~tók þeim vel og~~ bauð þeim heim til sín sagðist vera ekkja, þetta var flagð, svo gat hún töfrað kgsmenn að þeir báðu hennar kgi til handa og sigldu heim með hana. Kgr tók við henni. ~~Þá~~ Kongsdóttir sagði föður sínum að þessi kona hans væri flagðkona, en hann lét það sem vind um eyrun þjóta. Litlu síðar fór kgr að heimta að dóttur sinnar [illegible] Dags kg. Á meðan fór Hildr (svo nefndi drottning sig) til skemmu kgsdóttur, og lagði á hana að hún skyldi verða að grimmri tík, en níunda hverja nótt skyldi hún ~~þó~~ komast úr þessum ham, en svo að hún lægi bæinn ~~[illegible]~~ úti á útivangi; fyndi hana á nokkur ~~maðr~~ kgsson, og vildi eiga hana ~~[illegible]~~ í tíkarlíki, skyldi hún komast úr álögunum. Kgsdóttir lagði í staðinn það á stjúpmóður sína, að þegar kgr kæmi heim, skyldi hún fyrst rifa hann og síðan sig sjálfa eða [illegible] og síðan verða að ketti og aldrei úr þeim álögum komast. Svo varð. En kgsdóttir hvarf og vissi enginn hvað af varð, en karl einn í garðshorni sagðist hafa séð hund og mannsaugu í og mundi það vera kgsdóttir. Nú fór Hyndla um mörg lönd, og kom í Gautalönd til karls og kerlingar, þau tóku við Hyndu og höfðu hana ~~til~~ fyrir smalatík. Níunda hverja nótt hvarf hún, þótti karli og kerlingu það skrítið en um morguninn kom hún. Á [illegible] til sonar Gunnars kgs, hann var á dýraveiðum, og sá á veginum leggja